

Nd.

§60. Framhaldsnefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frumvarpið hefir tekið talsverðum breytingum í einstökum liðum í háttv. efri deild. Við ýmsar þeirra getum vjer í fjárlaganefndinni í neðri deild ekki felt oss, og leyfir nefndin sjer því að gera nokkrar breytingartillögur á sérstöku þingskjali. Mun aðallega verða gerð grein fyrir þeim í framsögu, en þó vill nefndin gera hjer nokkrar skýringar og athugasemdir viðvikjandi sumum þeirra.

Við 13. gr. A. 3.

Nefndin leggur til, að um skrifstofukostnað póstmestara sje hagað eins og í stjórnarfrumvarpinu var, að skrifstofukostnaður póstmestara og kaup starfsmanna þeirra, sem ekki heyra undir A. 1. b. 1 sje óaðgreint; slíka greining ætlast nefndin til, að stjórnin geri, þegar hún leggur frumv. til fjárlaga fyrir næsta þing. Hins vegar felst nefndin á, að auka þurfi fje þetta að nokkru, samkvæmt undanfarandi reynslu, en vill þó ekki fara þar jafnhátt og efri deild, heldur leggur til, að þessir 2 liðir (a. og b.) sameinaðir í einn verði 9500 kr.

Við 13. gr. B.

Nefndin getur eigi fallist á, með háttv. efri deild, að fresta sökum árferðis vegagerðum, sem mestmegnis eru vinnukostnaður, og gerir því nokkrar breytingartill. til hækkunar á vegafje. Þar á móti getur verið ástæða til, og hún fullkomin, að fresta brúargerðum þeim, sem ráðgerðar eru, bæði þeim, sem sjerstaklega er veitt fje til, og hinum, sem innifelast í lagningu flutningabrauta. Hefir nefndinni borist brjef frá verkfræðingi landsins, þar sem vakin er athygli á þessu sökum hækkandi verðs á járnri o. fl., og birtist brjef þetta hjer með sem fylgiskjal.

Samkv. þessu leggur nefndin til, að í stað athugasemdar um heimild til að fresta framkvæmdum á Húnvetningabraut, sje sett heimild til stjórnarinnar, að fresta til síðara ársins frá fyrra árinu, eða til fulls framkvæmdum á brúargerðum.

Við 15. gr. 43. lið.

Nefndinni er kunnugt um, að tveir menn, Helgi Tómasson og Vilhelm Jakobsson leggja stund á hraðritun, en fylgja sínu hraðritunarkerfinu hvor. Þótt Helgi Tómasson sje kominn það lengra, að hafa samið íslenskt hraðritunarkerfi, og nefndin hafi alls ekkert á móti að hann fái styrkinn, vill hún, að stjórnin hafi frjálsar hendur til að velja um, og leggur því til, að styrkurinn sje eigi bundinn við nafn.

Við 16. gr. 29.

Meiri hluti nefndarinnar getur eigi fallist á, eins og nú er klipið af mörgum nauðsynlegum fjárveitingum, að veittar sjeu að þessu sinni 25000 kr. til kolarrannsóknar, þar sem engin áætlun er til um það, hvað slík rannsókn, svo að verulegu gagni komi, muni kosta. Vill hann því, að þessari fjárveitingu sje frestað þangað til að slík áætlun liggur fyrir. En af því að nefndin er mjög hlynt

rækilegri námurannsókn, kemur hún fram með tillögu til þingsályktunar, sem skorar á stjórnina, að gera nauðsynlegan undirbúning í þessu máli fyrir næsta þing.

Við 19. gr.

Það horfir svo við, að ýms óviss útgjöld hljóta að verða meiri á næstkomandi fjárhagstímabili en venjulega, og stendur það eðlilega í sambandi við þær ráðstafanir, sem stjórninni, með ráði nefndar, er falið að gera út af Norðurálfuófriðnum. Til merkis um, að þessu sje ekki gleymt, leggur nefndin til, að fjárveitingin í þessari grein sje hækkuð um 10000 kr.

Neðri deild Alþingis, 8. sept. 1915.

Sveinn Björnsson,
formaður.

Pjetur Jónsson,
skrifari og framsögum.

Pórarinn Benediktsson.

Björn Kristjánsson.

Skúli Thoroddsen.

Eggert Pálsson.

Sigurður Sigurðsson.

Fylgiskjal.

VERKFBÆÐINGUR LANDSINS.

Reykjavík, 30. ágúst 1915.

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfylst að leiða athygli hins háa Stjórnarráðs að eftirfarandi atriðum, er snerta brúargerðir næsta ár.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu, eins og það liggur fyrir eftir 3. umræðu í neðri deild, liggur fyrir að gera þessar brýr næsta ár (1916):

1. Brú á Vatnsdalsá (Húvetningabraut).
2. Brú á Breiðumýrará (Reykjadalsbraut).
3. Brú á Djúpa (Þjóðvegir, 5. liður).
4. Brú á Jökulsá (Þjóðvegir, 6. liður).
5. Brú á Austurós Hjeraðsvatna (VII. liður).
6. Brú á Ljá (XIII. liður, ætti að vera í III. lið, undir þjóðvegum).

Auk þess brú á Ólafsfjarðarós, sem jeg veit engin deili á, og svo má búast við, að eitthvað þurfi að endurbyggja af trjebrium á þjóðvegnum, sem komnar eru að falli, og er það kostað af fjárveitingunni III. 8.

Af ofanefndum brúm eru 3 stórbrýr, 70 metra og lengri, sem sje brýrnar á Vatnsdalsá, Jökulsá og Hjeraðsvötnin. Allar verða þær að byggjast á sandi, og er því vandasamt að ganga frá undirstöðum, og getur þegar af þeirri ástæðu ekki komið til mála að byggja þær öðruvísi en svo, að verkfræðingur sje viðstaddur að miklu leyti meðan vinnan stendur yfir. En nú er ekki nema tveim verkfræðingum á að skipa, mjer og aðstoðarmanni mínum, með því að annar aðstoðarmaðurinn mun verða fastur í vatnsvirki, samkvæmt ákvörðunum þeim, er gerðar voru þegar sú sýslan var stofnuð. Mun því verða að fá einn verkfræðing til viðbótar um tíma, ef ekki er einhver þessara brúa flutt á seinna ár fjárhagstímabilsins.

Einnig leyfi jeg mjer að skýra frá því, að nú sem stendur eru óvenjulegir erfiðleikar á því að útvega járn til brúargerða, og ekki útlit fyrir að þeir minki meðan styrjöldin stendur yfir. Að vísu kemur það mál mjer ekki beinlínis við, því að jeg skil brjef Stjórnarráðsins til mín dags. 18. maí, um útboð á efni og áhöldum, svo, að Stjórnarráðið muni sjálft annast útvegum á efni og áhöldum til brúargerðanna, og losna jeg þá við þann vanda. En af því að jeg hefi haft þessa útvegum á hendi hingað til, og mjer þess vegna er kunnugt um örðugleikana, sem nú eru, þykir mjer rjett að skýra frá þeim.

Alt járn til brúargerðanna hefir fram að þessu sumri komið frá Þýskalandi. Þegar flutningur á þýskum vörum var stöðvaður til fulls í byrjun aprilmán. þ. á., var að eins komið hingað lítið eitt af járninu því, sem kaup höfðu verið fest á til brúargerðanna í sumar; hitt var þá í Kaupmannahöfn, og hefir ekki komist þaðan, og hafa samningarnir um kaup á því verið upphafnir. Nokkrar leyfar af járninu voru fyrirbyggjandi í áhaldahúsinu frá síðasta ári, og hafa þær hjálpað talsvert, en annars hafa í sumar verið þessi þrjú úrræði til útvegum á járninu:

1. Sænskt járn frá Kaupmannahöfn. Það hefir kostað 270 kr. tonnið, en venjulegt verð á þýska járninu 110 til 125 kr. tonnið, hvorttveggja f. o. b. Kaupmannahöfn. Þó verðið sje hátt, þá er hitt þó verra, að jeg hefi ekki getað fengið, og hygg ekki að unt sje að fá, nema mjög stuttar stengur af sænsku járninu, miklu styttri en þær þurfa að vera, og er nærri því, ef ekki alveg, frágangssök að byggja stórar brýr úr því járninu.
2. Enskt járn. Þar festi jeg kaup á nokkru járninu 2. júní, hjá umboðssala í Leith. Hefi jeg síðan stöðugt ámalgað við hann í brjefum og símskeytum að hraða afgreiðslunni, og veit jeg að hann hefir gert alt, sem unt var að gera til þess, og varð árangurinn sá, að loks fjekk jeg nokkuð af járninu fyrri hluta ágústmanaðar, og loforð um meira með næsta skipi, en í stað járn kom þá tilkynning um að ekkert járn væri tilbúið, og alls óvíst að verksmiðjan gæti látið neitt meira af hinu pantaða járninu, því að allir kraftar væru nú teknir í þjónustu stjórnarinnar. Við þetta situr nú.
3. — — — — —
4. Loks er hugsanlegt að fá járn frá Ameríku, en með núverandi flutningsgjöldum mun það mega teljast ógjörandi kostnaðar vegna, nema bein ferð fái.

Þess skal ennfremur getið, að jeg ljæt í vor leitast fyrir um það hjá öllum gufuskipafjelögum í Kaupmannahöfn, sem hafa skip í förum til Íslands, hvort þau mundu fáanleg til að taka þýskt járn handa landsstjórninni, ef

leyfi bresku stjórnarinnar til flutnings á því frá Kaupmannahöfn til Íslands, yrði útvegað — mun ekki hafa verið vonlaust um að það gæti fengist —, en öll fjelögin neituðu því afdráttarlaust. Munu þau hafa verið hrædd við tafir og rekistefnu út af vörinni, jafnvel þó slíkt leyfi lægi fyrir.

Mjer virðist nú ekki vera varlegt að gera ráð fyrir því sem sjálfsgöðu, að notandi járn til brúargerða muni verða fáanlegt hingað næsta vor, og þó það verði fáanlegt, veit enginn hvað það muni kosta. Trjáviður og sement hafa hækkað nokkuð í verði, en ekki svo að frágangssök sje, en ef skipaleiga hækkar mikið frá því sem hún var framan af þessu sumri, þá getur það orðið tilfinnanlegur útgjaldaauki við stóra brúargerð, eins og t. d. Jökulsá; þangað mun þurfa sem svarar einum skipsfarmi af trjávið og annan af sementi. Seglskipafragt á sementi frá Danmörku til Reykjavíkur var framan af þessu sumri 18 til 20 kr. fyrir tonnið, en nú í þessum mánuði hefir ekki fengist lægra tilboð en 30 kr. fyrir tonnið: slík hækkun mundi fyrir brú á Jökulsá nema 2000 til 3000 krónum.

Jeg vil nú á engan hátt letja fjárveitingarvaldið þess, að veita fje til svo margra brúargerða, sem kleift þykir, þótt mjer að vísu sýnist hentugra að vinna meira að vegagerðum, en minna að brúargerðum, undir núverandi kringumstæðum. En mjer virðist nauðsynlegt að landsstjórnin fái heimild til:

1. Að færa brúargerðirnar frá einu ári fjárhagstímabilsins til annars, eftir því hentugt álist, og mundi þá einni af stóru brúnum verða frestað til seinna ársins.
2. Að fresta alveg fleiri eða færri brúargerðum, ef ókleyfir örðugleikar verða á útvegum efnis eða áhalda vegna stríðsins.

Til þess að vel væri frá öllu gengið, þætti mjer landsstjórnin einnig þurfa að hafa heimild til þess að láta vinna meira að vegagerðum, en sem fjárveitingunum til þeirra nemur, ef brúargerð verður látin farast fyrir vegna örðugleika á efnisútvegnum. Ástæðan til þessa er sú, að samkvæmt fyrirkomulagi því á útboðum efnis m. m., sem fyrirskipað er í áðurnefndu brjefi stjórnarráðsins 18. maí þ. á., mun verða ófært að fresta ráðningu verkamanna til brúargerðanna þangað til tilboð um efni í brýrnar eru fram komin, en fyr verður ekki sjeð, hvort nauðsyn er að fella brúargerðirnar niður. Getur það því komið fyrir, að hætt verði við brúargerð, en menn til vinnunnar sjeu ráðnir, og þarf þá að vera heimild til þess að láta þá vinna annað: Mætti þessi heimild vera bundin við það, að unnið væri að *lögmaellum* vegagerðum, sem eru flutningabrautirnar, eða að þeim vegagerðum á þjóðvegum og flutningabrautum, sem jeg í tillögum mínum dags. 30. okt. f. á., hef lagt til að yrðu láttnar ganga fyrir öðrum.

Jón Þorláksson.

Til

Stjórnarráðs Íslands.